

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 21. febrúar 2021

Umsögn Íslenska gámafélagsins um þingsályktunartillögu um byggingu hátækisorbrennslustöðvar –197. mál.

Þetta er í annað sinn sem Íslenska gámafélagið (ÍGF) veitir umsögn um þessa þingsályktunartillögu þar sem hún hefur nú verið lögð fram aftur óbreytt.

ÍGF hefur verið leiðandi í úrgangsmálum á Íslandi í rúm 20 ár og hefur reynslu af rekstri sorpbrennslustöðva og útflutningi á almennu sorpi til orkunýtingar. Það er því rangt, eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni, að almennt sorp frá Íslandi hafi ekki verið flutt til brennslu til orkunýtingar í öðrum ríkjum. ÍGF hóf útflutning á almennu sorpi til orkunýtingar árið 2019 og hefur sá útflutningur hefur gengið snuðrulaust fyrir sig. Sem dæmi um mikilvægi þessa hráefnis í Evrópu þá setti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins það í forgang þegar heimsfaraldur vegna Covid 19 skall á, til þess að tryggja hátækisbrennslunum í Evrópu nægilegt hráefni til að tryggja örugga orku en til þess þarf stöðugt rennsli af brennsluefni. Verði hátækisbrennsla byggð hér á landi gæti Ísland komið sér í þá stöðu að þurfa að flytja inn almennt sorp frá öðrum ríkjum til að halda henni gangandi eða að brenna endurvinnanlegu hráefni. Það að brenna endurvinnanlegu hráefni til orkunýtingar er alveg á skjön við forgangsröðun í meðhöndlun úrgangs, og hringrásarhagkerfið sem úrgangslöggjöfin gengur út á. Þá er umhverfislegur ávinningur af því að nýta orkuna í ríkjum þar sem annars yrðu notuð kol og olía, mun meiri en hér á landi þar sem við höfum aðgang að hreinni orku. Kolefnisspor vegna flutninganna sjálfra er lítið miðað við ávinninginn af því að brenna ekki kolum og olíu til þess að framleiða rafmagn og hita vatn.

Þessi þingsályktunartillaga gengur út á að kanna hagkvæmni og möguleika þess að reisa hátækisorbrennslustöð sem meðhöndli mestallt eða allt sorp sem ekki er unnt að endurvinna hér á landi. En þessi vinna hefur nú þegar hafist og það eru SORPA bs, Kalka sorpeyðingarstöð sf., Sorpurðun Vesturlands hf, Sorpstöð Suðurlands bs og Umhverfis- og auðlindaráðuneytið sem standa að verkefninu og nú hefur verið gefin út skýrslan „Forverkefni um framtíðarlausn til meðhöndlunar brennanlegs úrgangs í stað urðunar“. Þar kemur fram frumkostnaðaráætlun vegna byggingar hátækisbrennslustöðvar á Íslandi, staðarval, arðsemi, áhættugreining ásamt fleiru. Með þessu virðist þessi þingsályktunartillaga því orðin óþörf.

Annars vísar Íslenska gámafélagið í fyrri umsögn sína, frá 10. febrúar 2021, um þessa sömu þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllt



Jón Þórir Frantzson
Forstóri

